

Dóminum að fullnægja með aðför að lög-
um.

Nr. 42/1903:

Réttvísín

gegn

Bjargmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta, sem höfðað var í héraði gegn ákærða, sjómanni Bjargmundi Sigurðssyni, fyrir ólöglega meðferð á annara fjármunum, og fyrir sviksamlegt athæfi, var dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 16. maí f. á., á þá leið, að ákærði var samkvæmt 250. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdu til að sæta 5 daga fangelsi við vatns og brauðs viðurværi og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði cand. Gríms Jónssonar 8 krónur.

Þessum dómi hefir eftir ósk hins dómfelda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann haustið 1902 kastaði eign sinni á 2 ullarteppi, 6 króna virði hvort, tilheyrandi strandferðaskipinu »Skálholt«, sem hann tjáir að af hendingu hafi komist í farangur hans. Hélt hann teppunum hjá sér frá því í aprílmán. 1902 yfir sumar-
ið án þess að lýsa þeim eða skila, og lét síðan veð-
setja annað þeirra til þess að fá peninga til að kaupa vínföng fyrir. Hitt teppið ætlaði hann einnig að láta

veðsetja, en það var þá selt af drykkjufélagi hans, og gaf ákærði þó, eftir því sem hann hefir haldið fram, ekki leyfi til þess. Þetta síðara teppi hefir komið til skila, hitt ekki, og vissi ákærði ekki, hverjum það hafði verið veðsett.

Þá hefir ákærði einnig játað að hafa sumarið 1902 veðsett í heimildarleysi, fyrir 3 kr. láni, vasaúr, er Björn nokkur Guðmundsson, norðlenzkur maður, þá til sjóróðra í Hnífsdal, hafði léð honum. Varð Björn að leysa til sín úrið úr veðbandinu, en ákærði endurgalt honum skaðann síðar.

Þessi afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, eru af undirdómarannm réttilega heimfærð undir 250. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau, með skírskotun til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 6 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst og á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, og ber því að staðfesta hann með greindri breytingu á hegningunni. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó þannig að refsing ákærða skal vera 6 daga fangelsi við

vatn og brauð. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 26/1903:

Skafti Jósefsson
gegn
Árna Jóhannssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað af stefnda Árna bæjargjaldkera Jóhannssyni á Seyðisfirði gegn áfrýjandanum ritstjóra blaðsins »Austri« Skafta Jósefssyni fyrir ærumeiðingar í grein með fyrirsögninni: »Einvalalið Valtýinga í Norður-Múlasýslu«, í 19. tölublaði 12. árg. nefnds blaðs, sem út kom 30. maí 1902, og var málið dæmt í aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 22. desember s. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur í 50 króna sekt til landssjóðs, eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, og hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk; svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda málskostnað með 12 krónum.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-